

L Ö G**um kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eskifjarðarhreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Eskifjarðarhrepp og heitir Eskifjarðarkaupstaður. Umdæmi þetta er í Austurlandskjördæmi.

2. gr.

Sýslumaður Suður-Múlasýslu er jafnframt bæjarfógeti Eskifjarðarkaupstaðar.

3. gr.

Sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eign eða vörslu Suður-Múlasýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atríði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

4. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum samkvæmt þeim lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1974, skal núverandi hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps fara með stjórn kaupstaðarins.

Gjört að Bessastöðum, 10. apríl 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Björn Jónsson.